

Myndrænt

boðskiptakerfi

PECS grunnnámskeið

23. og 24. janúar 2013



Myndræna boðskiptakerfið PECS (*Picture Exchange Communication System*) er óhefðbundin boðskiptaleið þróuð af Frost og Bondy (1994) fyrir börn með einhverfu, en hefur verið notað af fólki á öllum aldri með mismunandi fatlanir. Aðaláherslan í PECS er að þjálfra frumkvæði til að hafa boðskipti við aðra. Sá sem notar PECS lærir að nota mynd til þess að biðja um hlut/athöfn og annað sem hann hefur þörf á að tjá sig um. PECS er vel skipulagt kerfi í sex stigum þar sem þjálfuð er stigvaxandi færni til boðskipta.

Á námskeiðinu verður fjallað um fræðilegan grunn og aðferðir við að þjálfra PECS á mismunandi stigum. Megin áhersla verður lögð á að þátttakendur læri innlögn og þjálfun á fyrstu þremur stigum PECS. Auk þess verða kynntar leiðir til að skrá framvindu og meta árangur þjálfunarinnar.

Kennslan fer fram með fyrirlestrum, umræðum og með sýnikennslu. Sýnd verða dæmi um PECS þjálfun á myndböndum og þátttakendur fá tækifæri til að æfa grunnatriðin í þjálfunartækninni.

Umsjónarmenn námskeiðsins eru Guðný Stefánsdóttir þroskaþjálfari og Sigrún Kristjánsdóttir þroskaþjálfari.

Námskeiðið verður haldið **23. janúar kl. 13–16** og **24. janúar kl. 09–12**, í þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis Síðumúla 39.

Þáttökugjald er 16.000 (foreldar greiða helming þáttökugjalds).

Þátttakendur eru beðnir um að skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið: gudnyst@gmail.com

